

## Háskólinn á Akureyri Ársfundur 2014

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í stofu N-101 fimmtudaginn 28. maí 2015 og hófst kl. 14:00 í stofu N-101. Rektor setti fund og skipaði Sigfríði Ingu Karlsdóttur fundarstjóra með samþykki fundarins. Sigfríður Inga tók við. Hún stakk upp á Þorgerði Sigurðardóttur sem fundarritara sem var samþykkt. Sigfríður Inga kynnti svo dagskrá fundarins.

### 1. Gestafyrirlestur, Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri.

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri ræddi um fólksfjölgun á Akureyri. Akureyringum fjölgar, þó ekki eins mikið og væntingar standa til. Hann telur að ein ástæðan fyrir fjölgun gæti verið skólabærinn Akureyri og að mest muni þá um framhaldsskólana og Háskólann á Akureyri. Hann vísaði til gamalla tíma þegar verksmiðjurnar voru upp á sitt besta. Um svipað leyti og halla tók undan fæti hjá verksmiðjunum kom Háskólinn á Akureyri til. Síðan hafa fleiri og fjölbreytt fyrirtæki tekið við hlutverki verksmiðjanna. Hann ræddi einnig um sameiginleg verkefni háskólans og Akureyrarbæjar og telur að framtíð byggðar við Eyjafjörð byggji á samvinnu margra aðila. Halda þurfi merki skólabæjarins á lofti og telur að þar geti HA haft forgöngu. Hann segir að Akureyrarbær þurfi að styrkja enn frekar norðurslóða-verkefnið í samvinnu við háskólann. Hann finnur fyrir miklum vilja hjá starfsfólki háskólans um að leggja sitt af mörkum við að efla samfélagið. Að lokum þakkaði hann fyrir sig og hlakkar til frekara samstarfs við Háskólann á Akureyri.

### 2. Ársskýrsla Háskólans á Akureyri kynnt, Eyjólfur Guðmundsson, rektor.

Eyjólfur Guðmundsson rektor HA tók við og kom inn á mikilvægi samstarfs við Akureyrarbæ og sameiginlegt verkefni sem snýr að því að vinna með stjórnvöldum.

1. Rektor fór yfir ársskýrsluna sem í sjötta skipti er aðeins gefin út á rafrænu formi.
  - Kennslumiðstöð. Markmiðið með nýstofnaðri kennslumiðstöð er m.a. að efla gæði kennslu við háskólann á næstu árum, ekki síst fjarkennslu. Miklar vonir eru bundnar við miðstöðina og að kennarar notfæri sér þjónustu hennar.
  - Lykiltölur, nemendur og skipulag. Alls voru 1703 nemendur skráðir í skólann á haustmíssi 2014. Rektor ræddi um kynjaskiptingu í háskólum á Íslandi og segir það samfélagslegt vandamál. Hann sagði mikilvægt að við veltum fyrir okkur hvað við gætum gert til að fjölga karlmönnum í háskólanámi.
  - Staðarnám hefur ekki aukist frá 2006. Aukningin er fyrst og fremst í fjarnámi. Hann velti upp þeirri spurningu hvort við værum að fylgja þessari þróun, elta hana eða hvort við vildum skapa hana. Hvaða nemendum ætlum við að þjóna, viljum við horfa til annarra landa og verða alþjóðlegur skóli? Segir að við þurfum að skoða hvert við viljum stefna, hvernig við viljum hafa samskipti nemenda og kennara og hvernig við viljum miðla námsefni til nemenda.
  - Rektor kom inn á að nemendur teldu námskeiðsmatið ekki leið fyrir þá til að koma ábendingum á framfæri og þetta þurfi að bæta. Hann sagði að háskólinn þyrfti að

- nýta sér námskeiðsmatið betur. Hvernig getum við unnið þetta miðað við þær aðstæður sem við höfum, samfélagsmiðla og rafræn samskipti?
2. Doktorsnámsúmsókn. Rektor sagði frá ferlinu í kringum hana og nefndi að HA sé í tengslum við 36 doktorsnema nú þegar. Doktorsnámi fylgja rannsóknir og birtingar og þar séu tækifæri fyrir HA. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að starfsmenn sæktu um styrki til rannsókna og gerðu umsóknirnar þar um vel úr garði.
  3. Starfsmenn. Rektor fór í stuttu máli yfir starfsmannatölur. Ef vel ætti að vera þurfi að fjölga starfsfólki en til þess þurfi aukið fjármagn. Nemendafjöldi hefur aukist en starfsmönnum fækkað þó svo lítillaga hafi verið bætt í undanfarið. Hann sagði að það þurfi ekki síst að sinna starfsfólkinu og styðja það í starfi þannig að það geti sinnt sínu starfi með sóma. Nefndi m.a. vinnulag, álag, kennsluform, rannsóknir og teymisvinnu í því sambandi. Menntun akademískra starfsmanna er orðin mælikvarði á góða háskóla og hana þurfi að efla.
  4. Fjármagn: Lauslega reiknað vantar 200-300 milljónir til starfsemi skólans. Rektor segir að fjármagnið sé til hjá ríkinu og að við þurfum að senda skýr skilaboð um að háskólinn þurfi frekara fjármagn og hvernig við ætlum að verja því.
  5. Næstu skref: Gæðaráð Háskólanna mun halda áfram. Rannsóknir verða lykilatriði í mati á HA á næstunni. 10. júní verður staðan tekin um hvar við stöndum.
  6. Framtíðarsýn: Áhersla á alþjóðlegt umhverfi, norðurslóðir, rannsóknir og doktorsnám. Það þarf líka að huga að því hversu stór háskólinn á að vera. En fyrst og fremst þurfum við að sækja fram með jákvæðni.

Að lokum sagði Eyjólfur Guðmundsson rektor HA að faglegt mat skipti háskólann miklu máli og að það sem starfsfólk hefur lagt fram í því væri mikils virði. Niðurstaða ársins 2014 er að við náðum að reka skólann innan rammans en það var erfiður róður. Þurfum að vera raunsæ í öllum okkar aðgerðum og áætlunum fyrir árin 2015 og 2016 en bjartsýn á að okkur takist að sækja fram.

### **3. Ársreikningur skólans kynntur og horfur næsta árs, Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri.**

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri HA gerði grein fyrir rekstri háskólans árið 2014. Hann segir reksturinn innan fjárlaga en erfiðlega gangi að fá stjórnvöld til að hækka fjárveitingar til háskólans til samræmis við aðra háskóla.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tekjuafgangur ársins 2014 tæpar 2,5 milljónir. Í árslok 2013 greiddi háskólinn upp uppsafnaðan rekstrarhalla sem fylgt hefur háskólanum frá árinu 2001. Samkvæmt efnahagsreikningi er höfuðstóllinn í árslok 2014 5,5 milljónir.

Rekstarhorfur 2015. Ólafur sagði að óvissa fyrir árið tengdist kjarasamningum. Ekki sé vitað hve mikið þeir muni kosta skólann og ekki víst að fjármagn fái til að fjármagna þann kostnað að fullu. Það kom fram í máli Ólafs að hann telur mikilvægt að kjör starfsfólks HA sé sambærilegt við kjör starfsfólks HÍ.

Boðið var upp á fyrirspurnir eftir lið 2 og 3.

#### **Fyrirspurnir:**

Ágúst Þór Árnason sagði skilningsleysi stjórnvalda alltaf vera ákveðinn vanda og spurði hvort yfirstjórn skólans hafi velt fyrir sér annarri aðferðafræði en notuð hafi verið í samskiptum við stjórnvöld. Ólafur sagði að ekki verði breytt um rekstrarform í

náinni framtíð og að rekstur háskólans verði alltaf háður fjárframlögum ríkisins. Eyjólfur svaraði að ef innritunargjöld yrðu hækkuð þá myndi framlag ríkisins lækka á mótí. Hægt að sækja til samfélagsins en það er ýmsum annmörkum háð. Skólagjöld kæmu til greina en þau eru einnig háð takmörkunum. Hvað á að sannfæra stjórnvöld um? Gott nám og þekkingin stenst samanburð við erlenda háskóla og við notum fjármagnið vel. Gætum bætt inn landsbyggðarháskóli og norðurslóðaháskóli, þannig væri hugsanlega hægt að sækja fjármagn.

Stefán Sigurðsson benti á að efla þurfi doktorsnám og fá doktora til kennslu. Töluvert stór hópur kennara við HA sé í doktorsnámi.

Sigríður Halldórsdóttir. Tók undir það sem áður hefur komið fram. Benti á að tölur segja að mun minna fjármagni sé veitt til háskóla á Íslandi en í OECD löndunum og norðurlöndunum. Á þetta þurfi að leggja áherslu. Hún nefndi að kannski þurfi rektor að vera sýnilegri í Menntamálaráðuneytinu. Rektor tók undir þetta og sagði mikinn aðstöðumun í raun og veru. Það lægi við að það þyrfti manneskju frá HA sem væri fyrir sunnan til að sækja alla fundi.

Sigrún Stefánsdóttir. Spurði rektor hvort HA og starfsfólkið hafi staðið undir væntingum hans eftir þann tíma sem hann væri búinn að vera í starfi. Hann svaraði því til að í heildina hafi HA og starfsfólkið staðið undir væntingum hans og talsvert umfram það.

Ágúst Þór Árnason benti á mikilvægi þess að fólk talaði máli skólans. Finnst vanta dagblaðaskrif um málefni skólans. Þetta sé spurning um sýnileika og leiðsögn. Rektor tók undir sýnileikann og segist velja fyrir sér skrifum í blöð. Vissulega hjálpi það til en það þarf að vanda til verka. Hægt væri að vera sýnilegur á ýmsan hátt.

#### 4. Önnur mál.

Rektor sagði frá doktorsnámsúmsókninni sem er tilbúin. Hann lagði áherslu á að án doktorsnáms stæði Háskólinn á Akureyri höllum fæti. Unnið hefur verið að þessari úmsókn í allmörg ár. Rektor las upp bréf til mennta- og menningarmálaráðherra sem fer með úmsókninni. Hann undirritaði síðan skjöl þar um og verður úmsóknin ásamt viðeigandi skjölum send til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Fleira var ekki tekið fyrir og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fundarsetuna. Fundi var slitið kl. 15:45.

Eftir fundinn var sýning á veggspjöldum og bókasýning í Miðborg. Veggspjöldin eru um rannsóknir starfsmanna og bækur sem að öllu eða einhverju leyti eru ritaðar af starfsmönnum háskólans.

Boðið var upp á veitingar að fundi loknum.

Þorgerður Sigurðardóttir, fundarritari